

getið um stærð jarðarinnar þá. Þáverandi sýslumaður Barðastrandarsýslu hefur ritað á afsalið, að jörðin sé að fasteignamati 20 hundruð. Barðastrandarhreppur sé ekki þinglesinn eigandi nema að 10 hundruðum fasteignamats hennar.

Í landamerkjaskrár jarðanna er ekki nákvæmlega tíundað, hver eða hverjir eigi hvaða jörð, þegar skrárnar eru gerðar, né heldur hverjir riti undir skrárnar fyrir hverja jörð. Óupplýst er, hvernig þessu var háttað og hvernig eignarhald á jörðunum hefur breyst síðan.

Þessi atriði, sem hér hafa verið rakin, geta haft áhrif á niðurstöðu máls þessa, bæði aðalsök og gagnsök. Þykir því ekki hjá því komist að vísa máli þessu í heild sinni sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, bæði aðalsök og gagnsök.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan sem settur dómari ásamt meðdómendunum Ríkarði Mássyni og Stefáni Skarphéðinssyni lögfræðingum.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi í heild sinni.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu, bæði í aðalsök og gagnsök.

Miðvikudaginn 27. október 1982.

Nr. 198/1982. **Hannes Halldórsson**

gegn

Húsasmiðjunni h/f.

Kærumál. Frávísunardómur að hluta úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru, dags. 16. september 1982, er

barst Hæstarétti 6. október 1982. Hann krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur varnaraðilja voru þær fyrir héraðsdómi við munnlegan flutning máls, að sóknaraðili yrði dæmdur til að greiða honum 13.276.16 krónur (nýkr.) með vöxtum, svo sem greinir í hinum kærða dómi, en ekki 1.327.616 krónur, eins og þar hefur misritast.

Að því leyti sem sóknaraðili hefur uppi gagnkröfu í máli þessu, eigi aðeins til skuldajafnaðar við kröfur varnaraðilja, heldur og til sjálfstæðs dóms um afganginn, eru ekki skilyrði til, að um hana verði dæmt í málinu, þar sem sóknaraðili hefur ekki gagnstefnt varnaraðilja, svo sem áskilið er í 49. gr. laga nr. 85/1936. Hefur héraðsdómur því réttilega vísað gagnkröfunni frá að því leyti.

Í greinargerð umboðsmanns sóknaraðilja til Hæstaréttar er gerð svofelld grein fyrir kröfum hans í kærumálinu:

„Hinn kærði frávísunardómur er byggður á synjun umbj. míns að láta fara fram vettvangsgöngu í málinu.

Umbj. minn hefur uppi gagnkröfur í bæjarþingsmálinu til skuldajafnaðar á móti kröfum stefnanda, Húsasmiðjunnar h.f.

Gagnkröfurnar eru að mestu leyti byggðar á mati dómkvaddra manna, sem ekki hafa komið fyrir dóm, enda matsgerðinni ekki mótmælt sem óstaðfestri.

Þegar á það er litið, að matsmenn hafa skilað matsgerð í málinu, tel ég, að vettvangsganga dómsins sé óþörf og aðeins til þess fallin að skapa umbj. mínum stórauðinn kostnað, sem er í engu samræmi við þá hagsmuni, sem í gagnkröfunum felast“.

Úrskurð héraðsdóms 13. maí 1982 um, að sóknaraðilja væri veittur kostur á að stofna til vettvangsgöngu dómenda, verður að skilja svo, að til þess hafi verið ætlast, að sóknaraðili greiddi allan kostnað vegna hennar, að minnsta kosti

að sinni. Eins og sakarefni var háttað, brast lagaheimild til að ákveða vettvangsgöngu dómenda, sem bundin væri þessu skilyrði.

Yfirlýsingar sóknaraðilja fyrir héraðsdómi og í greinargerð hans til Hæstaréttar í kærumálinu verður að skilja svo, að hann krefjist þess, að héraðsdómur dæmi um gagnkröfu hans að efni til eftir þeim sönnunargögnum, sem hann hefur þegar lagt fyrir héraðsdóm, og kjósi hann ekki að afla frekari gagna henni til stuðnings.

Er þá rétt, að héraðsdómur dæmi um hana í því horfi, sem hún er nú fyrir dóminum. Verður dómurinn þá að virða það eftir almennum reglum um sönnunarbyrði, hvort sóknaraðili hafi fært þær sönnur á réttmæti gagnkröfu sinnar, að hún verði tekin til greina til skuldajafnaðar við kröfu varnaraðilja gegn andmælum hans.

Samkvæmt framansögðu þykir rétt að fella úr gildi hinn kærða frávísunardóm um gagnkröfu sóknaraðilja að því leyti sem hún er höfð uppi til skuldajafnaðar við kröfu varnaraðilja og leggja fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til einnig að þessu leyti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur að því leyti sem gagnkrafa sóknaraðilja, Hannesar Halldórssonar, er höfð uppi til skuldajafnaðar við kröfu varnaraðilja, Húsasmiðjunnar h/f.

Að öðru leyti á frávísunardómurinn að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. september 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Húsasmiðjan h/f, Súðarvogi 3—5 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 16. júní 1980, á hendur Hannesi Halldórssyni, Hjallavegi 14, Suðureyri, Súgandafirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.327.616 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá 1. janúar 1979 til 1. júní s. á., 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 1. september s. á., 4,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

Að til skuldajafnaðar kröfum stefnanda og til sjálfstæðs dóms um afganginn komi:

1. Nýjar einingar, gler, flutningur og vinna skv. sundurliðun á dskj. nr. 7	kr. 3.147.01
2. Bætur samkvæmt matsgerð, dskj. nr. 16	— 21.100.00
3. Matskostnaður	— 5.000.00
4. Dómkvaðning matsmanna	— 200.00

Alls kr. 29.447.01

Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Krafa stefnanda er byggð á því, að stefndi hafi keypt hjá honum húseiningar og ýmislegt annað þeim tengt samkvæmt reikningi frá 31. ágúst 1978, að fjárhæð kr. 207.227, reikningi frá 30. september s. á., að fjárhæð kr. 2.134.446, og reikningi frá 31. október s. á., að fjárhæð kr. 6.727.943, en upp í fjárhæðir þessar hafi stefndi greitt eftirtaldar fjárhæðir: hinn 17. júlí 1978 kr. 242.000 og kr. 700.000, hinn 1. ágúst s. á kr. 1.100.000 með víxli með gjalddaga 5. október 1978 og víxli að fjárhæð kr. 1.100.000, með gjalddaga 5. desember s. á., og hinn 5. desember s. á kr. 4.600.000. Hafi stefndi ekki fengist til að greiða mismun fjárhæða þessara.

Af hálfu stefnda eru framangreindar fjárhæðir viðurkenndar, en því haldið fram, að bæði hafi hann orðið fyrir beinu tjóni vegna hirðuleysis og lélegra vinnubragða starfsmanna stefnanda, sem unnu við að reisa hús úr einingum þeim og efni, sem stefndi keypti hjá stefnanda, er hluti eininganna féll og skemmdist, áður en starfsmenn stefnanda höfðu lokið vinnu sinni. Hafi hann þá orðið að kaupa 12 nýjar einingar á samtals kr. 144.029, nýtt gler fyrir kr. 21.600 og greiða flutningskostnað að fjárhæð kr. 50.000 svo og vinnu þriggja manna í tvo daga, þ. e

48 tíma á kr. 2.064, eða kr. 99.072. Hafi tjón stefnda af þessu numið samtals kr. 314.701.

Þá er því haldið fram, að miklir gallar hafi komið fram á húsinu, sem rekja megi til lélegra vinnubragða starfsmanna stefnanda eða rangrar hönnunar á umræddu húsi, sem starfsmenn stefnanda hafi hannað. Stefnandi hafi tekið að sér að koma húsinu í fokhelt ástand. Í viðskiptum aðilja blandist saman lausafjárkaup og verksamningur. Beri stefnandi ábyrgð á verkum starfsmanna sinna og skaðabótaskyldu samkvæmt reglum íslensks réttar, m. a. reglunni um húsbóndaábyrgð vinnuveitanda á verkum starfsmanna sinna. Hafi dómkvaddir matsmenn metið kostnað við úrbætur á þeim atriðum, sem áfátt er.

Hinn 14. maí 1981 dómkvaddi sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu þá Kristján Jónasson húsasmíðameistara og Hallgrím Axelsson verkfræðing til að meta til fjár kostnað við að bæta úr göllum á rennuböndum, göflum, millilofti, súð og gluggum umrædds húss.

Matsgerð matsmannanna, dags. 19. október 1981, er svohljóðandi:

„Skv. dómkvaðningu, dags. 14. maí 1981, hafa undirritaðir unnið þessa matsgjörð varðandi fasteignina Sætún 11, Suður-eyri.

Við vettvangskonnnun var ekki viðstaddur fulltrúi frá Húsasmíðjunni h.f.

Með tilvísan til matsbeiðni:

1. Rennubönd.

Klæðning og rennubönd eru sett of ofarlega miðað við sperruenda, svo ekki er unnt að koma rennum fyrir.

Kostnaður á viðgerð er metinn á kr. 3.400,00.

2. Stafnar.

Stafnar hússins eru úr tré ofan á steypum einingum. Þétting milli steypu og trévirkis er ófullnægjandi. Vatnasklæðning á stafni hefur innþornað svo mikið, að sum borðin eru komin úr nóttinni, og þar með er klæðningin óþétt.

Kostnaður á viðgerð er metinn á kr. 5.700,00.



3. Milliloft.

Milliloft er úr spónaplötum, sem eru negldar í ása. Naglar hafa losnað upp, og er festing ófullnægjandi.

Kostnaður á viðgerð er metinn á kr. 3.400,00.

4. Þakskegg.

Þar sem þak mætir steyptum einingum, er þétt milli sperra með spónaplötum. Þéttingin er ófullnægjandi og hroðvirknislega unnin.

Kostnaður á viðgerð er metinn á kr. 6.500,00.

5. Óþéttir gluggar.

Leki hefur komið fram á þremur gluggum.

Kostnaður á viðgerð er metinn á kr. 2.100,00.

Samtals er metinn viðgerðarkostnaður kr. 21.100,00.“

Af hálfu stefnanda er skuldajafnaðarkröfu stefnda mótmælt. Er því haldið fram, að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um samskipti aðiljanna. Fyrirsvarsmaður stefnanda hafi boðið stefnda að útvega honum tryggingu, sem tæki til flutnings á húseiningunum og uppsetningu þeirra, en því hafi stefndi hafnað. Það hafi verið um talað, að starfsmenn stefnanda kæmu húsinu í það ástand, að stefndi gæti fengið lán út á það. Tjón það, sem varð, er hluti eininganna féll, hafi stafað af ofviðri og sé það ekki á ábyrgð stefnanda. Er því haldið fram, að verkþættir þeir, sem metnir voru, hafi ekki fallið undir það, sem starfsmenn stefnanda áttu að vinna, heldur hafi stefndi ætlað að sjá um, að þeim yrði lokið. Er því einnig haldið fram, að timbur, sem notað var við smíði hússins, hafi legið úti óvarið í rigningartíð. Hafi það því verið blautt, er átti að nota það, en ekki hafi verið unnt að fresta framkvæmdum, er starfsmenn stefnanda voru komnir á staðinn. Einnig er því haldið fram af hálfu stefnda, að kvörtun stefnanda út af meintum göllum á smíðinni hafi borist of seint skv. ákvæðum 52., 53. og 54. gr. laga um lausafjárkaup.

Að loknum munnlegum málflutningi 13. maí sl. var kveðinn upp úrskurður, þar sem stefnda var gefinn kostur á að stofna til vettvangsgöngu í samráði við dóminn og gagnaðilja, enda teldi dómurinn ekki unnt að leggja dóm á skuldajafnaðarkröfu stefnda án þess að skoða húsið.

Er málið var tekið fyrir að nýju í dag, lýsti lögmaður stefnda því yfir, að stefndi gæti ekki fallist á að stofna til vettvangsgöngu, aðallega vegna þess, að hann teldi ekki þörf á því, en einnig vegna þess, að kostnaður við það yrði svo mikill, að hann hefði ekki efni á því.

Dómurinn telur því ekki verða komist hjá því að vísa sjálfkrafa frá dómi fjárkröfu þeirri, sem stefndi hefur haft uppi til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms.

Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíður efnisdóms.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Kristni Sigurjónssyni húsasmíðameistara og Ragnari Ingimarssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Fjárkröfu stefnda, Hannesar Halldórssonar, til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms að fjárhæð kr. 29.447.01 er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Miðvikudaginn 27. október 1982.

Nr. 181/1980. **Ástþór Guðnason**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Drangi h/f

(Páll S. Pálsson hrl.).

Vinnuslys. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandinn, Ástþór Guðnason, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. sama mánaðar. Hann gerir þær kröfur, að hinum áfrýjaða sýknudómi verði hrundið og stefnda, Drangi h/f, gert að greiða sér samtals 145.802.00 krónur að frádregnum áðurgreiddum 24.203.00 krónum, eða 121.599.00 krónur með